



Reykjavík, 15. júní 2020
SFS2019090104
186. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Viðreisnar varðandi fjölda starfsmanna í frístundastarfi sem eru háskólanemar

Á 168. fundi skóla- og frístundaráðs, 10. september 2019 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Viðreisnar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hve margir af starfsmönnum frístundaheimila og frístundamiðstöðva eru háskólanemar? Svarið óskast sundurliðað eftir háskólum og eftir sviðum, í tilfalli Háskóla Íslands.


Svar:

Í vetur var send könnun til allra starfsmanna frístundastarfs á skóla- og frístundasviði þ.e. frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila og þeirra sem starfa í sértæku frístundastarfi. Könnunin fór á alls 985 einstaklinga og svöruðu henni 544 eða 55% allra starfsmanna. Af samtals 527 starfsmönnum á frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og í sértæku frístundastarfi svöruðu 46% þeirra að þeir væru í námi, þar af 37% í háskólanámi og 30% í Háskóla Íslands (158 starfsmenn).


Þessi 30% hópsins sem stundar nám í Háskóla Íslands skiptast niður á svið skólans með eftirfarandi hætti:




Frístundaheimili: Af 267 starfsmönnum frístundaheimila sem svöruðu könnuninni eru 29% í háskólanámi og þar af 24% (65 starfsmenn) í Háskóla Íslands og skiptist niður á svið Háskóla Íslands með eftirfarandi hætti:



Félagsmiðstöðvar: Af 123 starfsmönnum félagsmiðstöðva sem svöruðu könnuninni eru 48% í háskólanámi og þar af 36% (46 starfsmenn) í Háskóla Íslands og skiptast niður á svið skólans með eftirfarandi hætti:



Sértækt frístundastarf: Af 89 starfsmönnum í sértæku frístundastarfi sem svöruðu könnuninni eru 55% í háskólanámi og þar af 43% (38 starfsmenn) í Háskóla Íslands og skiptast niður á svið skólans með eftirfarandi hætti:



Annað: 48 starfsmenn sem vinna á frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og í sértæku frístundastarfi merktu ekki sérstaklega við vinnustað sinn en af þeim eru 21% í háskólanámi og þar af 17% (9) í Háskóla Íslands.

